



Fundur í Fræðslunefnd

29. fundur fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í menntasetrinu miðvikudaginn 16. ágúst 2017 og hófst kl. 14.

Mætt voru: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Svala Sævarsdóttir, Kristinn Lárusson, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, Sigríður Harpa Jóhannesdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Hjördís Matthilde Henriksen og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð. Fundinn sat einnig Elías Pétursson sveitarstjóri.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Grunnskólinn á Þórshöfn

Skóladagatal vetrarins 2017-2018 borið upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Skýrsla skólastjóra

Skólasetning fim 24.ágúst kl. 17. Skóli hefst daginn eftir.

Starfsmannahald næsta vetrar.

Nýir starfsmenn eru Sólveig Sveinbjörns, Max Anholt og Almar Marinósson.

Umsjónarkennarar næsta vetrar eru; Kamila 1. bekk, Lilja Ólafs 2.bekk, Lára 3.-4.bekk, Hanna María 5.-7.bekk og Árni Davíð 8.-10.bekk.

Aðrir kennarar og starfsmenn eru; Ólína, Þorsteinn, Hrafngerður, Líney, Harpa, Helga, Oddný, Margrét og Ásdís.

Nýr Mentor er innleiddur nú á haustdögum á starfsdögum og munu allir kennarar vinna að því að samræma sig í notkun hans.

Skólatímar verða þannig að 1.-4 bekkur verður frá 8-13 nema föstudögum 13:40. Skólabíll fer kl 14 og geta því þeir nemendur sem vilja sótt íþróttir í samstarfi við UMFL á milli 13-14 en samt náð skólabíl heim. 5.- 10.bekkur eru í skólanum til kl. 14. Gæsla verður aðeins í boði fyrir 1.bekk.

Móðurmálskennsla fyrir tvítyngd börn. Ásdís hefur verið í sambandi við Laugalækjarskóla og búið er að panta námsgögn fyrir pólskumælandi nemendur. Kamila mun sinna markvissri kennslu fyrir þau. Fyrir aðra nemendur eru sérúrræði sem henta hverjum og einum.

Símenntunaráætlun vetrarins er því að innleiða Mentor og tileinka sér Office 365. Þá verður farið í starfsmannaferð til Danmerkur í vetrarfríinu í tengslum við NordPlus verkefni skólans.

Tónlistarskólinn. Ekki komin niðurstaða í ráðningu kennara en nokkrir möguleikar opnir.

2. Leikskólinn Barnaból

Skóladagatal vetrarins 2017-2018 borið upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Starfsmenn vetrarins eru sömu og síðasta vetur, nema að því leyti að ekki er aukamanneskja í eldhúsi. Starfsmenn hafa þó nokkuð beðið um launalaus leyfi af ýmsum ástæðum en ágætlega er mannað svo það veldur ekki vandræðum.

Á haustönn eru 23 börn í skólanum og svo munu tvö byrja í janúar, og verða því 25 á vorönn.



LANGANESBYGGÐ

Endurbætur í sumarlokun gengu vel nema smáræði sem klárast í þessari viku. T.d. var tekinn pallur uppá leikloft (sem má ekki nota) og eykst þá pláss.

Verkátun í eldvarnarmálum var gerð í kjölfar skýrslu sem kom í vor og hefur verið unnið eftir henni í sumar.

Leikur að læra –Kristín kemur í heimsókn núna 23.ágúst með smá haustvatningu. Almenn ánægja með þetta verkefni. Skoða á að kennarar á yngsta stigi grunnskólans kynni sér þetta.

3. Leikskólamáli á Bakkafirði

Búið er að auglýsa nokkrum sinnum en engin viðbrögð komið hvorki frá kennara eða nemanda. Ein fyrirspurn hefur verið um að barn frá Bakkafirði fái að koma í leikskóla á Þórshöfn og fengi e.t.v. að sitja í skólabíl aðra leiðina. Ákveðið að fela skrifstofu að finna lausn sem hentar börnum þar.

4. Starfsáætlun 2017 -2018

- Farið yfir drög og nokkrar breytingar gerðar. Ákveðið að uppfæra ekki skólanámsskrá þetta árið. Samþykkt sem lifandi plagg nefndarinnar.

5. Nýbygging leikskóla

Halldóra leggur fram eftirfarandi ályktun frá starfsmönnum leikskólans;

Ályktun frá leikskólastjóra og kennurum Barnabóls 15. ágúst 2017

Við höfum gert okkur vonir í mörg ár um að sveitarfélagið sýni dug og ráðist í byggingu nýs leikskóla. Eins og öllum ætti að vera ljóst er sá húsakostur sem leikskólabörnum og kennurum hefur verið boðið uppá síðustu ár algjörlega óviðunandi og nú að koma í ljós í raun heilsuspillandi vegna myglusvepps. Það er nú of langt mál að telja það allt upp en ef t.d. bara er horft til öryggismála þá vantar mikið uppá að húsin uppfylli þær kröfur sem brunaeftirlitið gerir.

Lítið hefur nú heyrst af byggingaráformum en bókun frá sveitarstjórnarfundum þann 5.apríl 2017 hefur valdið okkur áhyggjum, ekki höfum við neinar meiri fregnir en þessa bókun. Sem er svohljóðandi:

Um árábil hefur sveitarfélagið haft uppi áform um byggingu leikskóla, hlé var gert á undirbúningi nýbyggingar þegar ljóst varð að sveitarfélagið stæði frammi fyrir miklum og kostnaðarsömum framkvæmdum við húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn. Undanfarið hefur, að frumkvæði meirihluta, staðið yfir mat á kostum þeim er áður hafa verið í umræðunni þ.e. hvort byggja skuli við húsnæði Grunnskóla Þórshafnar eða byggja á núverandi stað. Því mati er nú lokið.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að fela sveitarstjóra að láta gera drög að hönnun og leggja fyrir sveitarstjórn í síðasta lagi á fundi sveitarstjórnar þann 18. maí næst komandi. Drög að hönnun skulu



LANGANESBYGGÐ

unnin á eftirfarandi forsendum. Nýbygging skal vera á núverandi lóð Leikskólans Barnabóls og byggja skal við núverandi hús sem á lóðinni stendur. Hanna skal húsnæðið miðað við að í því verði reknar tvær leikskóladeildir, hönnun skal þó taka mið af því að mögulegt verði síðar að stækka húsið til að koma þar fyrir þriðju deildinni. Húsnæðið skal vera í takt við það sem gerist í sambærilegum húsum og skal gæta vel að vinnuástöðu, innivist og efnisvali. Miða skal við að leikskólinn rúmi 40 börn og að stærð húsnæðis sé sem næst 8,5 til 9,0 m² pr. barn. Miða skal við að kostnaður við byggingu, aðkomu og tengdar framkvæmdir verði nálægt 125 millj. króna.

Á árunum 2012-2015 var búið að vinna heilmikla vinnu við að finna rétta staðsetningu og eftir mikla skoðun og fundarhöld var öll byggingarnefndin orðin sammála um að best væri að byggja leikskólann við grunnskólann og ná þannig fram bæði rekstrarlegu hagræði en ekki síst samvinnu milli skólastiga þar sem báðir aðilar græða. Skoðaðir voru nokkrir svona skólar þar sem unnið var með leikskólaaldurinn uppí 10 ára saman og heilluðumst við mjög af þessu og allir sem við töluðum við voru með góða reynslu af þessu. Ingvar Sigurgeirsson prófessor og skólaráðgjafi Langanesbyggðar hefur talað fyrir því að byggja við Grunnskólann því að í því fælust mörg tækifæri fyrir bæði skólastig.

Hann segir í minnisblaði sem hann skilaði til Langanesbyggðar 7.9.2016 eftirfarandi: Til eyrna bárust hugmyndir um að draga í land hugmyndir um að reisa nýjan leikskóla á lóðinni við Grunnskóla og Íþróttahús, en reisa þess í stað hús við annað Barnabólshúsanna, m.a. í ljósi þess að leikskólabörnum hefði fækkað.

Aðstæður á Þórshöfn eru með þeim hætti að búast má við talsverðum sveiflum í nemendafjölda, eins og reynslan sýnir. Meðal annars þess vegna er besti kosturinn að hafa leik- og grunnskóla í fámennu sveitarfélagi í sama húsi, eða svo nálægt hvor öðrum að unnt sé að nýta húsnæði þeirra með sveigjanlegum hætti, sem og aðra samlegðarmöguleika. Einnig verður að benda á að í mörgum fámennum sveitarfélögum hafa leik- og grunnskólar verið sameinaðir, bæði til að skapa meiri samfellu í starfinu, nýta það besta úr starfsmenningu beggja skólastiga og fullnýta samlegðarmöguleika. Í þessu ljósi tel ég áriðandi að leita allra leiða til að ekki þurfi að víkja frá núgildandi áformum um samtengdan leik- og grunnskóla.

Okkur finnst skjóta skökku við að byggja við hús sem uppfyllir engar kröfur sem gerðar eru til bygginga af þessu tagi, fyrir utan hversu illa farið húsið er og myglusveppur í öllum rýmum. Sjá minnisblað unnið af Böðvari frá 30.mai 2017.

Við myndum vilja sjá það mat sem vitnað er í í bókun meirihlutans því öll sú vinna sem við leikskólastjóri og kennarar hafa tekið þátt í hefur bent í hina áttina.



LANGANESBYGGÐ

Við myndum vilja heyra hvaða skoðun fræðslunefnd hefur á þessu ? Hefur fræðslunefnd séð þetta mat sem vitnað er í bókun meirihluta ?

Okkur finnst líka alveg ótækt að gengið sé algjörlega framhjá okkur þegar ákvörðun af þessu tagi er tekin. Þetta er stór ákvörðun og ljóst að þegar búið er að byggja leikskóla núna verður það ekki gert aftur næstu 30 árin. Því finnst okkur mikilvægt að við sem vinnum við þetta ættum að fá að segja okkar skoðun.

Kostir þess að byggja leik og grunnskóla saman

Við vitum öll að allt hefur sína kosti og galla, núverandi staðsetning hefur sína kosti en einnig galla. Við sjáum fleiri kosti í að fara uppeftir með leikskólann og viljum í það minnsta fá að taka umræðuna við meirihluta sveitarstjórnar þar sem hægt er að ræða þessi mál. Okkur finnst ótrúlegt að starfsfólk leikskólans lesi um þessi mál í fundargerðum sveitarstjórnar.

Hvað sparast í rekstri með því að byggja saman leik- og grunnskóla?

- *þarf bara eina kaffistofu. (þar eru húsgögn , kaffivélar, uppþvottavélar, innrétting o.s.frv.)*
- *þarf bara eina vinnuáðstöðu fyrir kennara. (Ljósritunarvélar, prentarar, húsgögn, innréttingar, einn lager af blöðum, bókum o.s.frv.)*
- *Samnýting á bókum og kennslugögnum s.s. nemendatölvum, numicon, hugbúnaði.....*
- *Eitt tölvukerfi*
- *Samnýting á starfsfólki möguleiki s.s. smíðakennara, listgreinakennara, íþróttakennara, tónlistarkennara.....*
- *Ræsting þarf bara eina manneskju en ekki tvær*
- *Sérkennsla og námsver. Allt utanumhald verður auðveldara og möguleiki á að nýta námsver með skólanum án aukins tilkostnaðar.*
- *Betri nýting á dýrum fermetrum. Í sveitarfélagi af okkar stærð eru mikillar sveiflur í árgöngum. Það koma nokkrir stórir í röð og svo litlir á eftir. Þessir árgangar koma svo upp í skólann og þá vantar jafnvel pláss. Með því að byggja þetta saman og huga að þessu í hönnunarferlinu – getum við nýtt deild af leikskólanum sem skólastofu sé þess þörf.*
- *Móttökueldhús og heimilisfræði samnýtt. Eldhús eru með dýrari rýmum í húsum og því er mikill sparnaður að geta sameinað þetta tvennt.*
- *Salur sem nýtist báðum skólastigum. Nýtist undir námskeið, starfsmannafundi, söng og listviðburði hjá leikskólanum. Einnig er möguleiki að nýta salinn í útleigu t.d. litlar veislur þar sem eldhúsið er við salinn.*
- *Möguleiki á að samnýta að einhverju marki skólalóðir.*

Hver eru faglegu rökin fyrir því að byggja leik- og grunnskóla saman?



LANGANESBYGGÐ

- *Samfella milli skólastiga meiri og auðveldara fyrir börnin að stíga þetta stóra skref.*
- *Samvinna leikskólakennara og kennara á yngsta stigi yrði meiri og það er faglega mjög gott.*
- *Stærri vinnustaður og meiri fagleg umræða og stuðningur*
- *Skólastjórnendur geta unnið meira saman s.s. að námskeiðum og endurmenntun, þróunarverkefnum*
- *Með þessu erum við að bjóða börnum og foreldrum í LNB upp á betri þjónustu*
- *Samstarf milli leikskóla og eldri bekkja grunnskóla.*
- *Meiri möguleiki á sveigjanleika fyrir börn sem eru fædd seint á árinu og ekki tilbúin í skóla geta verið áfram að hluta í leikskóla. Eins þau börn sem eru bráðger eða fædd snemma á árinu geta farið að hluta aðeins fyrr í grunnskólann.*
- *Leikskólinn kominn nær íþróttahúsinu gefur ákveðna möguleika t.d. sundkennslu fyrir elstu börn leikskóla og auðveldara er að fara með yngstu börnin í íþróttahús.*
- *Barnamenning er mikilvægur hluti af menningu þjóðfélags. Þeir sem yngri eru læra af þeim sem eru lítið eitt eldri. Það er t.d. mikilvægt að börn á aldrinum 4-9 ára umgangist börn á aldrinum 10-12 ára. Rannsóknir sýna að þegar börn leika sér frjálst fara þau frekar í leiki sem þau hafa lært af eldri börnum en fullorðnum.*
- *Sama á við um námsaldursblöndun þar sem eldri nemendur eru aðstoðarkennarar gefur mjög góða raun og mikið betri en t.d. að fjölga kennslustundum.*
- *Grunnskólabörnin fá meiri útrás fyrri leikþörfina.*
- *Hagkvæmari rekstur þannig að meira fé er til að nýta í faglegt starf skólans.*

Við óskum eftir að haft verði meira samráð við starfsfólk leikskólans um nýbyggingu og að við fáum að taka þátt í þeirri vinnu sem framundan er. Ljóst er að eftir síðustu athugun á húsnæði leikskólans að ekki er lengur hægt að draga lappirnar í þessu máli.

*Með von um skjót viðbrögð
Kennarar Barnabóls*

Halldóra Friðbergsdóttir

Hjördís Matthilde Henriksen

Sigríður Jónsdóttir



LANGANESBYGGÐ

Sigríður Ósk Indriðadóttir

Magdalena Zawodna

Margrét Höskuldsdóttir

Steinunn Leósdóttir

Lögð fram skýrsla frá Eflu um ástandsskoðun Leikskólans á Þórshöfn þar sem fram kemur að ástand húsnæðis sé óviðunandi og mygla fannst í 11 af 12 sýnum sem voru tekin.

Bókun: Fræðslunefnd tekur álitserð frá starfsmönnum leikskólans til skoðunar og stefnir á að funda aftur fljótlega til að ræða málið.

Bókun: Fræðslunefnd óskar eftir fundi með sveitarstjórn þar sem svara er leitað við því hvernig brugðist skuli við skýrslu Eflu um ástand leikskólans.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.